

**Nd.** **240. Breytingartillaga** [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969 og lög nr. 50/1971.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Á eftir 4. gr. komi ákvæði til bráðabirgða, sem orðist svo:

Á árinu 1973 og 1974 skulu á tímabilinu 10. marz til aprílloka bannaðar veiðar með öllum veiðarfærum á svæði fyrir Suðurlandi, sem afmarkast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra staða:

- a) 63°32'0 n.br., 21°25'0 v.lg.
- b) 63°00'0 — 21°25'0 —
- c) 63°00'0 — 22°00'0 —
- d) 63°32'0 — 22°00'0 —

Að öðru leyti skal íslenskum skipum, sem veiða með botnvörpu, flotvörpu eða dragnót, heimilt að veiða innan fiskveiðilandhelginnar, samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21 10. maí 1969.